

Örugg matvæli – allra hagar!

# Skylt að merkja upprunaland grænmetis

1. SEPTEMBER nk. tekur gildi ný reglugerð um að merkja skuli ferskt grænmeti og aðrar ferskar matjurtir með upprunalandi. Þetta á við um kartöflur, lauk, tómata, kál, gulrætur, gúrkur, gulrófur, sveppi, belgavexti og fjölda annarra matjurtar sem taldar eru upp í reglugerðinni, jafnt heilar sem niðurskornar. Reglugerðin gildir jafnframt um blöndur matjurtategunda. Þegar matjurtir eru seldar í lausasölu eða seljandi pakkar þeim á sölustað eiga upplýsingar um upprunaland að vera aðgengilegar með sýnilegum hætti þar sem matjurtirnar eru á boðstólum

Þær almennu reglur sem gilda um upprunamerkingar matvæla hér á landi eru samræmdar reglur á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), sem byggjast á Evrópusambandsreglum. Samkvæmt þeim skal merkja upplýsingar um uppruna eða framleiðsluland ef skortur á slíkum upplýsingum gæti villt um fyrir neytandanum hvað varðar réttan uppruna matvæla. Merking matvæla má því ekki vera villandi hvað varðar uppruna. Erfitt hefur reynt að leggja mat á hvort merkingar séu villandi og sitt sýnist hverjum, en með breytingunni sem nú er gerð eru tekin af öll tvímæli um að merkja skuli upprunaland grænmetis og annarra matjurtar sem upp eru taldar í nýju reglugerðinni.

Kannanir hafa sýnt að margir neytendur vilja vita meira um uppruna matvæla. Íslenskir framleið-



Morgunblaðið/Árni Sæberg

**Uppruni Þær almennu reglur sem gilda um upprunamerkingar matvæla hér á landi eru samræmdar reglur á EES svæðinu.**

endur vilja einnig koma því á framfæri hvaða matvara er íslensk. Nú reynir á dreifingaraðila að merkja umbúðir matjurtar með upprunalandi og að hafa merkingar réttar, skýrar og aðgengilegar við sölu á óinþökkudum matjurtum.

Reglugerðin er gefin út af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, en hún er breyting á reglugerð nr.

503/2005 um merkingu matvæla. Nánari upplýsingar um matvæli sem skylt er að merkja með upplýsingum um upprunaland samkvæmt reglugerðinni er að finna á vef Matvælastofnunar, [www.mast.is](http://www.mast.is).

Jónína Þ. Stefánsdóttir er matvælafræðingur hjá Matvælastofnun.